

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
15. nóv. 2013 10.5.0
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100015/bs

Urðunarstaður í Laugardal við Húsavík - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi og svæðið verði jafnframt nýtt sem geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstímur. Svæðið hefur verið nýtt á þennan hátt um árabil og er því að mestu raskað.


Umhverfisstofnun vill benda á að fullyrðing á bls. 9 í tilkynningarskýrslu þess efnis að ekki sé þörf á vöktunarmælingum vegna þess að ekki sé verið að urða lífrænan og virkan úrgang á ekki við rök að styðjast. Í reglugerð nr. 738/2003 er gert ráð fyrir vöktunarmælingum á urðunarstað eins og þeim sem hér um ræðir.


Í tilkynningarskýrslu er talið að áhrif fyrirhugaðrar starfsemi verði hverfandi á umhverfisþættina landslag, fuglalíf, gróðurfar og vatn þar sem einungis verður urðaður óvirkur úrgangur.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að sækja þarf um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun sorps. Stofnunin vill ennfremur benda á reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang ef ráðgert sé að geyma slíkt efni á geymslusvæðinu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur